

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu að aðalskipulagi Borgarness.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarness hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997 frá 30. mars 1978 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagalaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að stofnanareitur við Borgarbraut þar sem nú er dvalarheimili stækkar til norðurs og vesturs.

Bæjarstjórn Borgarness tekur með samþykkt þann 16. október 1991 á sig hugsanlegar skaðabótakröfur sem hljótast kunna af þessari skipulagsbreytingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 6. desember 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

25. nóvember 1991

um staðfestingu á viðauka við aðalskipulag Grindavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010 og minniháttar breytingar á núgildandi aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Viðauki við aðalskipulagi Grindavíkur er fólgin í því að gert er ráð fyrir viðbótarbyggð sunnan fjallsins Þorbjarnar. Vestan fjallsins er lagt til að hafa heilsuástoð, sem nýtir jarðvarma sem er á svæðinu. Ennfremur er gerð grein fyrir byggðaþróun umhverfis Bláa lónið og orkuverið við Svartsengi. Nyrst á núgildandi aðalskipulagi eru gerðar minni háttar breytingar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Grindavíkur.

Umhverfisstjórnuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.